Ársskýrsla 2021

STJÓRNVÍSI

Efnisyfirlit

Skýrsla formanns 3
Skýrsla framkvæmdastjóra 6
Stjórn Stjórnvísi 8
Ársreikningur 9
Ráðstefnur og málstofur 17
Yfirlit yfir viðburði faghópa 32
Fundir stjórnar 60

Skýrsla formanns og ávarp fyrir aðalfund Stjórnvísi árið 2021

ÁVARP FORMANNS

Síðastliðið ár hefur verið bæði viðburða- og árangursríkt hjá Stjórnvísi þrátt fyrir samkomutakmarkanir. Stjórn félagsins hóf starfsárið á vinnufundi þar sem forgangsverkefni félagsins voru skilgreind og þema ársins valið. Niðurstaðan var sú að stjórn sammæltist um að þema ársins yrði „Ár aðlögunar". Við þurftum svo sannarlega að aðlagast þar allir viðburðir voru haldnir rafrænir.

Forgangsverkefnin voru fjögur talsins:

1. Markaðsmál og sýnileiki.
2. Samstarf við aðra aðila um jafningjafræðslu
3. Skerpa á núverandi stefnu.
4. Stuðningur við stjórnir faghópa.

1. MARKAÐSMÁL OG SÝNILEIKI

Eitt forgangs verkefnanna voru markaðsmál og sýnileiki. Farið var í skoðun á vörumerkinu, gildum þess og hvernig það birtist. Í kjölfar þeirrar vinnu var farið í létta endurmörkun þar sem helstu snertifletir vörumerkisins voru uppfærðir í nýtt útlit sem styður við tilgang og markmið félagsins um fagmennsku og ásýnd. Við innleiddum LinkedIn til að auka sýnileika á meðal stjórnenda og sérfræðinga. Meðlimir í faghópum hafa verið að nýta ritstjórnar aðgang að Facebook-hópnum okkar betur og geta því streymt, stofnað viðburði og þess háttar. Í kjölfarið hefur virkni og vitund um viðburði aukist til muna. Við héldum áfram með mælingar með meðmælaskori (e. net promoter score) á ánægju félagsmanna varðandi viðburðina okkar sem veita afar dýrmætar upplýsingar til framfara. Að meðaltali hefur meðmælaskorið verið um 55-65. Þess má einnig geta að átak var gert í að kynna Stjórnvísi fyrir háskólanemum sem hefur svo sannarlega skilað sér.

2. SAMSTARF VIÐ AÐRA AÐILA UM JAFNINGJAFRÆÐSLU

Á fyrsta fundi varðandi samstarf við aðra aðila um jafningjafræðslu í ljósi stöðu sem var í samfélaginu var ákveðið fresta verkefninu.





3. SKERPA Á NÚVERANDI STEFNU.

Stjórn tók fund með ráðgjafa og skerptum á núverandi stefnu miðað við nýja raunveruleika þar sem nánast allir viðburðir ársins voru á netinu. Í framhaldi mældum við markmiðin okkar og eru niðurstöður aðgengilegar fyrir alla á heimasíðu Stjórnvísi. Þess má geta að 96% myndi mæla með Stjórnvísi við félaga í sínu fagi.

4. STUÐNINGUR VIÐ STJÓRNIR FAGHÓPA.

Okkar viðhorf þegar Covid brást á er að við vildum alls ekki láta aðstæður stoppa okkur. Þegar ekki var hægt að hittast í persónu þó svo að okkur hlakki til þess. Við fórum að kynna okkur leiðir og kynna þær fyrir okkar meðlimum og það hefur svo sannarlega verið gaman í haust og Gunnhildur framkvæmdastjóri hefur ekki í við að uppfæra sína þekkingu og halda í hendur á fólki sem er að halda stafrænan viðburð í fyrsta skipti. Því það er mikil ábyrgð að allir viðburðir hjá okkur séu eins faglegir og hægt er ásamt því að koma skilaboðum áleiðis.
Við fórum í innleiðingu á Teams en þar sem um félagasamtök er að ræða þá er val hvaða miðlar hentar hverjum og einum faghóp. Teams hefur því miður ekki náð að láta vettvanginn vera nægilega aðgengilegan milli fyrirtækja og því hefur Teams ekki nýst eins vel var vonað í upphafi. Hinsvegar hafa tveir faghópar verið framúrskarandi við að nýta vettvanginn.

Búnar voru til leiðbeiningar um ýmsa mikilvæga þætti fyrir fólk í faghópum til að getað flétt upp í.
Starfsemi félagsins
Fjárhagslega mætti Stjórnvísi standa betur til að takast á við ný stafræn verkefni. Við tökum við Fyrirmyndarfyrirtækjum í góðum stjórnarháttum en við þau hlaust aukalegur kostnaður. Í framhaldi var verð til viðurkenningar endurskoðað. Við héldum hinsvegar velli og hækkum tekjur á milli ári. Tækifærin til að auka samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja í dag eru mýmörg og þau liggja að mestu hjá stjórnendum og felast í því að hafa fólkið með sér til að grípa þau. Ein helsta ástæða þess að ég er formaður Stjórnvísi er sú að ég vil að við á Íslandi skörum fram úr og deilum þekkingu svo að hver og einn þurfi ekki að finna upp hjólið. Við höfum alla burði til þess að vera leiðandi á heimsvísu og ég tel Stjórnvísi hæglega geta skapað vettvang þar sem við getum haft áhrif saman. Aukum saman ánægju starfsfólks, viðskiptavina og þar af leiðandi hluthafa. Nýtum tímann núna og skörum fram úr í framtíðinni og verum leiðandi í stafrænum heimi.

Það sem hefur markað okkar vegferð frá 2017 er að prófa okkur áfram og straumlínulaga ferla eins og við getum að hverju sinni með því að hlusta á viðskiptavini okkar.
Að endingu vil ég þakka öllum sem gáfu sér tíma til að halda erindi á okkar vegum og faghópameðlimum fyrir skipulagningu, við erum afar þakklát og án ykkar væri þetta ekki hægt. Einnig vil ég þakka félagsmönnum, stjórn og framkvæmdastjóra fyrir einkar ánægjulegt samstarf á árinu og óska Stjórnvísi velfarnaðar á nýju starfsári.

Aðalheiður Ósk Guðmundsdóttir,
formaður stjórnar Stjórnvísi.

STARFSMANNAFJÖLDI FYRIRTÆKJA VIRKNI FYRIRTÆKJA



FJÖLDI VIÐBURÐA



FJÖLDI FÉLAGA Á FUNDUM



Skýrsla framkvæmdastjóra starfsárið 2020-2021

Það má með sanni segja að síðastliðið starfsár hafi staðfest á hversu gríðarlega góðum grunni Stjórnvísi hefur byggt starf sitt og hve öflugir aðilar starfa í stjórnum faghópanna og í stjórn félagsins.

Hlutverk Stjórnvísi er að: „Efla gæði stjórnunar á Íslandi með þeim hætti að skapa hvetjandi vettvang fyrir gagnkvæma þekkingarmiðlun, umræður og tengslamyndun". Með þetta hlutverk að leiðarljósi héldu stjórn félagsins og 25 virkar faghópastjórnir á annað hundrað viðburði á starfsárinu. Þessar stjórnir samanstanda af 216 stjórnendum frá 102 vinnustöðum, 66 körlum (30%) og 150 konum (70%).

Þema stjórnar fyrir starfsárið var „AÐLÖGUN" og á einu andartaki aðlagaði félagið sig í einu og öllu að breyttri veröld. Aldrei fyrr í sögu félagsins hafa verið haldnir jafn margir viðburðir, þátttaka félaga í viðburðum er í sögulegu hámarki ásamt fjölda fyrirtækja í félaginu. Öllum viðburðum starfsársins var streymt og flestir aðgengilegir á facebooksíðu félagsins. Það jákvæða við Covid árið hefur einnig verið að nú hafa allir landsmenn sama hvar þeir eru staddir jafnan aðgang að viðburðum Stjórnvísi. Einnig hefur verið mikil ánægja með að viðburðir eru teknir upp og aðgengilegir þegar tími hentar. Fram til þessa hafa flestir fundir verið að morgni til, það breyttist í vetur og var fjöldi funda haldinn í kringum hádegið. Einnig var nokkuð um að boðið upp á styttri fundi allt niður í 30 mínútna fundi sem voru vel sóttir. Fundarformið var mjög fjölbreytilegt og voru stjórnir faghópanna mjög skapandi, buðu upp á sófaspjall, spjall við erlenda fyrirlesara og buðu jafnvel heim.

Starfsárið hófst í maí í fyrsta sinn með rafrænum hætti á Teams á því að boðið var upp á þjálfun nýrra stjórnarmanna í stjórnum faghópa starfsárið 2020-2021. Þetta er í annað sinn sem starfsárið hefst með slíkum fundi en meginmarkmiðið er að samræma vinnubrögð allra stjórna faghópa félagsins. Sumarið 2020 gafst tækifæri í raunheimum til að veita viðurkenningu fyrir Samfélagsskýrslu ársins og í ágúst voru veittar viðurkenningar til fyrirmyndarfyrirtækja í góðum stjórnarháttum og fengu 17 fyrirtæki viðurkenningu.

Í ágúst bauð Stjórnvísi öllum félögum upp á skemmtilegan og hagnýtan fyrirlestur þar sem María Ellingsen leikkona og þjálfari deildi helstu aðferðum við að semja og halda áhrifaríkar kynningar. Kick off fundur faghópa var haldinn í lok ágúst þar sem gafst vettvangur til að sameina fundi, koma á framfæri ábendingum um hvað mætti betur fara og í framhaldi var öllum félögum kynnt drög að dagskrá vetrarins í tölvupósti.

Haustráðstefna Stjórnvísi var haldin á Nauthól í beinu streymi án gesta. Ráðstefnan var í takt við þema stjórnar starfsárið 2020-2021 „AÐLÖGUN" og bar yfirskriftina „AÐLÖGUN EÐA ANDLÁT" og vakti verðskuldaða athygli fyrir góð erindi og ráðstefnustjórn.

Nýársfagnaður stjórna faghópanna var haldinn þann 7.janúar á Teams og bar yfirskriftina „Töfrar í tengslanetinu". Fagnaðurinn hófst með því að Aðalheiður Ósk Guðmundsdóttir formaður stjórnar fór örstutt yfir hvernig stjórn hefur unnið úr þeim umbótahugmyndum sem fram komu á Kick off fundi faghópanna sl. haust. Gott tengslanet er gulls ígildi eins og þær Maríanna Magnúsdóttir umbreytingaþjálfari hjá Manino og Ósk Heiða Sveinsdóttir forstöðumaður Póstsins sýndu fram á í þessum kröftuga fyrirlestri.

Uppskeruhátíð Íslensku ánægjuvogarinnar var haldin í tuttugasta og annað skiptið í janúar á Grand Hótel í Háteigi og var einungis sigurvegurum í flokkunum 13 boðið til hátíðarinnar. Íslenska ánægjuvogin sem nú er alfarið í eigu Stjórnvísi fékk mikla fjölmiðlaumfjöllun og sá Zenter ráðgjöf um mælinguna.

Í lok apríl náðist að veita Stjórnunarverðlaunin við hátíðlega athöfn á Grand Hótel í tólfta sinn. Handhafar Stjórnunarverðlauna Stjórnvísi 2021 eru Sigríður Björk Guðjónsdóttir ríkislögreglustjóri í flokki yfirstjórnenda, Auður Daníelsdóttir framkvæmdastjóri sölu-og ráðgjafasviðs Sjóvár og Sigríður Harðardóttir, mannauðsstjóri Strætó í flokki millistjórnenda. Dómnefnd veitti einnig þremur frumkvöðlum sem vakið hafa verðskuldaða eftirtekt fyrir störf sín á heilbrigðissviði undanfarin misseri viðurkenninguna Frumkvöðlar ársins 2021, Tryggvi Þorgeirsson stofnandi og forstjóri SideKick Health, Guðmundur Fertram Sigurjónsson stofnandi og forstjóri Kerecis og Gísli Herjólfsson stofnandi og forstjóri Controlant. Sérstök heiðursverðlaun voru veitt Guðmundi Þorbjörnsson framkvæmdastjóri Eflu fyrir framlag sitt til stjórnunar á Íslandi. Einnig var útnefndur og verðlaunaður heiðursfélagi Stjórnvísi 2021, Davíð Lúðvíksson sérfræðingur á rannsóknar-og nýsköpunarsviði Rannís.
Yfir 9000 manns sóttu viðburði á vegum félagsins á starfsárinu sem er meira en tvöföldun frá fyrra ári sem þó var metár og samt eru ótaldir allir þeir sem horfðu á viðburði eftir á. Flestir fundir voru haldnir í október, nóvember og mars og mestur fjöldi eða 2000 manns sóttu viðburði í október. Allar þessar áhugaverðu upplýsingar ásamt NPS skori o.m.fl. eru aðgengilegar í mælaborði á vef Stjórnvísi.

Fjárhagsáætlun fyrir árið 2020 gekk ekki alveg eftir vegna nýs verkefnis „Fyrirmyndarfyrirtæki í góðum stjórnarháttum“ sem kom með ófyrirséðan kostnað upp á tæpa milljón sem er í raun fjárfesting til framtíðar. Ný áætlun fyrir starfsárið 2021 gerir ráð fyrir tekjuafgangi upp á eina milljón króna. Stjórnvísi er félag í eigu sinna félagsmanna og á ekki að safna eignum en mikilvægt er að eiga örlítinn sjóð. Engar útistandandi skuldir eru frá sl. ári og innheimtu félagsgjalda 2021 er nær lokið.

Til merkis um þann mikla kraft sem er í félaginu voru stofnaðir fjölmargir nýir faghópar á árinu: Í júní 2020 voru stofnaðir faghópar um tækni, loftslags-og umhverfismál og leiðtogafærni. Í febrúar sl. var stofnaður faghópur um Excel og í maí verður haldinn stofnfundur í nýjum faghóp um aðstöðustjórnun.

Það eru mikil forréttindi og ég er óendanlega þakklát fyrir það mikla traust sem mér er sýnt að fá að starfa sem framkvæmdastjóri í félagi þar sem eru jafn kröftugir leiðtogar og fara fyrir faghópunum tuttugu og fimm , eru í stjórn Stjórnvísi, í fagráði, sem skoðunarmenn og í stjórn Íslensku ánægjuvogarinnar. Allir þessir aðilar kjósa að láta gott af sér leiða fyrir íslenskt atvinnulíf með því að verja tíma sínum í að stuðla að framsækinni stjórnun með fræðslu fyrir stjórnendur í Stjórnvísi sem er í eigu okkar allra og starfar án fjárhagslegs ávinnings.

Að lokum vil ég þakka sérstaklega fráfarandi formanni Stjórnvísi Aðalheiði Ósk Guðmundsdóttur sem hefur verið félaginu alveg einstök stoð og stytta í þeim krefjandi verkefnum sem kölluðu á nýjar aðferðir og breytt vinnulag í Covid – Hún var boðin og búin hvenær sem var sólarhrings til að aðstoða alla þá sem til hennar leituðu. Þarna var á ferðinni formaður með hárrétta þekkingu á hárréttum tíma, algjört tækniköll. Í hennar huga er ekki til neitt sem heitir vandamál – einungis áskorun. „Við finnum út úr þessu saman“ voru hennar einkunnarorð.

Gunnhildur Arnardóttir,
framkvæmdastjóri Stjórnvísi.

VIÐBURÐIR FAGHÓPA 2020-2021



STJÓRN STJÓRNVÍSI 2020 - 2021

FORMAÐUR
Aðalheiður Ósk Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri Vök Baths

STJÓRN STJÓRNVÍSI
Ásdís Erla Jónsdóttir, forstöðumaður Opna háskólans í HR.
Guðný Halla Hauksdóttir, forstöðumaður þjónustustýringar OR.
Ingi Björn Sigurðsson, framkvæmdarstjóri Brum Funding.
Jón Gunnar Borgþórsson, alþjóðlega vottaður stjórnendaráðgjafi (CMC)
Ósk Heiða Sveinsdóttir, forstöðumaður þjónustu og markaða hjá Póstinum.
Sigríður Harðardóttir, sviðsstjóri mannauðs- og gæðasviðs hjá Strætó.
Stefán Hrafn Hagalín, deildarstjóri samskiptadeildar Landspítala.
Steinunn Ketilsdóttir, ráðgjafi hjá Intellecta.

SKOÐUNARMENN REIKNINGA
Oddný Assa Jóhannsdóttir, endurskoðunarsviði KPMG.
Guðný Helga Guðmundsdóttir, sviðsstjóri endurskoðunarsviðs KPMG.

FAGRÁÐ
Davíð Lúðvíksson, sérfræðingur hjá Rannís og stjórnarformaður Vottunar hf.
Einar Snorri Einarsson framkvæmdastjóri stjórnunarsviðs Landsnets.
Nótt Thorberg, forstöðumaður loyalty hjá Icelandair
Sigurjón Andrésson, forstöðumaður markaðsmála og forvarna hjá Sjóvá.
Þórunn M. Óðinsdóttir, framkvæmdastjóri Intra ráðgjafar

ÁRSREIKNINGUR STJÓRNVÍSI 2020

Fullgild rafræn undirskrift stjórnar, endurskoðanda og skoðunarmanna.



Félagið er félag um framsækna stjórnun.

Að áliti stjórnar og framkvæmdastjóra Stjórnvísi koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í lok ársins, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun.

Tap var á rekstri félagsins á árinu 2020 að fjárhæð 1.092 þúsund kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé félagsins í árslok var neikvætt um 199 þúsund kr. samkvæmt efnahagsreikningi. Stjórn félagsins vísar til ársreiknings varðandi jöfnun á tapi ársins.

Stjórn Stjórnvísi og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2020 með áritun sinni.

Reykjavík, 22. febrúar 2021

Í STJÓRN STJÓRNVÍSI

Ásdís Erla Jónsdóttir
Guðný Halla Hauksdóttir
Ingi Björn Sigurðsson
Jón Gunnar Borgþórsson
Ósk Heiða Sveinsdóttir
Sigríður Harðardóttir
Stefán Hrafn Hagalín
Steinunn Ketilsdóttir

FRAMKVÆMDASTJÓRI

Gunnhildur Arnardóttir

ÁRITUN ENDURSKOÐENDA

TIL STJÓRNAR OG FÉLAGSMANNA Í STJÓRNVÍSI.

Til stjórnar og félagsmanna í Stjórnvísi.

Við höfum aðstoðað við gerð ársreiknings fyrir Stjórnvísi vegna ársins 2020. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar.

Við höfum skipulagt og hagað vinnu okkar í samræmi við viðurkenndar aðferðir við gerð óendurskoðaðra ársreikninga með það að markmiði að aðstoða Stjórnvísi við að leggja fram ársreikning sem er í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju. Ársreikningurinn er byggður á bókhaldi félagsins og öðrum upplýsingum. Við höfum tekið ákveðna liði ársreikningsins til sérstakrar skoðunar og yfirfarið framsetningu hans í heild.

Við höfum ekki endurskoðað ársreikninginn og þar af leiðandi ekki sannreynt grundvöll hans.

Framsetning ársreikningsins er í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju og allar upplýsingar sem okkur eru kunnar og skipta máli koma þar fram.

Reykjavík, 22. febrúar 2021

Íslenskir endurskoðendur, ráðgjöf ehf.

Guðni Þór Gunnarsson
Endurskoðandi

ÁRITUN SKOÐUNARMANNA

Við kjörnir skoðunarmenn ársreiknings Stjórnvísi höfum yfirfarið meðfylgjandi ársreikning Stjórnvísi starfsárið 2020. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning ársins 2020, efnahagsreikning 31. desember 2020, yfirlit um sjóðsstreymi og skýringar. Við höfum gert kannanir á bókhaldi, bókhaldsgögnum, eignum og skuldum félagsins sem við töldum nauðsynlegar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af rekstri félagsins á árinu 2020 og efnahag þess 31. desember 2020.

Reykjavík, 22. febrúar 2021

Oddný Assa Jóhannsdóttir

REKSTRARREIKNINGUR 2020

	Skýr.	2020	2019
REKSTRARTEKJUR:			
Félagsgjöld		20.044.200	18.624.970
Ráðstefnur, fundir og fyrirmyndarfélag		3.072.833	2.163.500
Rekstrartekjur alls		23.117.033	20.788.470
REKSTRARGJÖLD:			
Skrifstofukostnaður		2.903.307	2.124.637
Stjórnun og umsýsla		21.227.117	17.883.111
		24.130.424	20.007.748
Rekstrarhagnaður(tap) án fjármagnsliða		**(1.013.391)**	**780.722**
FJÁRMAGNSLIÐIR:			
Vaxtatekjur og verðbætur		13.082	87.520
Vaxtagjöld og verðbætur		(91.923)	(63.872)
		(78.841)	23.648
HAGNAÐUR(TAP) ÁRSINS		**(1.092.232)**	**804.370**

EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 2020

EIGNIR

	Skýr.	2020	2019
VELTUFJÁRMUNIR:			
Skammtímakröfur		150.000	281.950
Handbært fé	2	1.231.314	1.877.528
Veltufjármunir samtals		1.381.314	2.159.478
EIGNIR SAMTALS		1.381.314	2.159.478

EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 2020

EIGIÐ FÉ OG SKULDIR

	Skýr.	2020	2019
EIGIÐ FÉ:			
Óráðstafað eigið fé 01.01		893.265	88.895
Hagnaður(tap) ársins		(1.092.232)	804.370
	3	(198.967)	893.265
SKULDIR:			
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir		539.081	643.713
Fyrirframgreidd félagsgjöld		1.041.200	622.500
		1.580.281	1.266.213
EIGIÐ FÉ OG SKULDIR SAMTALS		1.381.314	2.159.478

SJÓÐSTREYMI 2020

	2020	2019
REKSTRARHREYFINGAR		
Hagnaður(tap) ársins	(1.092.232)	804.370
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á handbært fé		
Reiknaðir rekstrarliðir	0	0
Hreint veltufé frá rekstri	(1.092.232)	804.370
Breyting rekstrartengdra eigna og skulda		
Skammtímakröfur	131.950	(59.250)
Skammtímaskuldir	314.068	268.024
	446.018	208.774
Handbært fé frá rekstri	(646.214)	1.013.144
Breyting á handbæru fé	(646.214)	1.013.144
Handbært fé í ársbyrjun	1.877.528	864.384
Handbært fé í árslok	1.231.314	1.877.528

SKÝRINGAR

REIKNINGSSKILAAÐFERÐIR

1. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og er í meginatriðum gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

2. Handbært fé samanstendur af óbundnum bankainnistæðum.

EIGIÐ FÉ

3. Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Staða í ársbyrjun	893.265	893.265
Hagnaður(tap) ársins	(1.092.232)	(1.092.232)
	(198.967)	(198.967)

SUNDURLIÐANIR

		2020	2019
1.	**SALA**		
	Félagsgjöld	20.044.200	18.624.970
	Ráðstefnur og fundir	2.172.833	2.163.500
	Fyrirmyndarfyrirtæki	900.000	0
		23.117.033	20.788.470
2.	**SKRIFSTOFUKOSTNAÐUR**		
	Sími	22.690	29.034
	Burðargjöld	7.090	1.480
	Bækur, blöð og tímarit	11.990	9.990
	Rekstur heimasíðu	2.861.537	2.084.133
		2.903.307	2.124.637
3.	**STJÓRNUN OG UMSÝSLA**		
	Verktaki CEO Huxun(framkvæmdastjórn)	13.073.052	11.092.999
	Aðkeypt þjónusta	578.400	733.600
	Kostnaður vegna fyrirmyndarfyrirtækja	2.055.590	0
	Samfélagsskýrsla ársins	218.281	0
	Viðburðir, ráðstefnur og fleira á vegum Stjórnvísi	2.587.625	2.835.752
	Faghópafundir, stjórnarfundir ofl.	1.164.275	1.957.736
	Endurskoðun og reikningsskil	624.960	642.072
	Aðalfundur	307.300	303.800
	Auglýsingar	545.334	220.169
	Gjafir og viðurkenningar	72.300	96.983
		21.227.117	17.883.111
4.	**VAXTATEKJUR OG VERÐBÆTUR**		
	Vaxtatekjur	13.082	87.520
		13.082	87.520
5.	**VAXTAGJÖLD OG VERÐBÆTUR**		
	Bankakostnaður, þjónustugjöld	(91.164)	(60.154)
	Dráttarvextir	(759)	(3.718)
		(91.923)	(63.872)

SUNDURLIÐANIR

6.	Skammtímakröfur		
	Félagsmenn	150.000	281.950
		150.000	281.950
7.	Handbært fé		
	Arion banki 652	1.215.548	1.522.628
	Íslandsbanki 100944	3.375	3.375
	Arion banki 202460	12.391	351.525
		1.231.314	1.877.528
8.	Viðskiptaskuldir		
	Lánadrottnar	512.974	581.658
	VISA reikningar	26.107	62.055
		539.081	643.713

RÁÐSTEFNUR OG MÁLSTOFUR STJÓRNVÍSI
Haustráðstefna Stjórnvísi 2020

Haustráðstefna Stjórnvísi var haldin þann 8.október 2020 í beinu streymi frá Nauthól. Ráðastefnan bar yfirskriftina „ Ár aðlögunar - Aðlögun eða andlát". Aðalheiður Ósk Guðmundsdóttir formaður stjórnar Stjórnvísi setti ráðstefnuna kl. 09:00. Því næst fluttu fimm áhugaverðir fyrirlesarar erindi. Örstutt hlé var gert eftir hvern fyrirlestur þar sem ráðstefnugestir voru hvattir til að fara inn á "Slido" og skrá þar í einni setningu hver væri þeirra helsti lærdómur af hverju erindi fyrir sig.

FYRIRLESARAR Á RÁÐSTEFNUNNI:
Guðbjörg Heiða Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri Marel á Íslandi.
Hrund Gunnsteinsdóttir, framkvæmdastjóri Festu, miðstöð um samfélagslega ábyrgð.
Hjálmar Gíslason, stofnandi og framkvæmdastjóri Grid.
Ólafur Baldursson, framkvæmdastjóri lækninga Landspítala.
Darri Atlason, Head Of Business Development at Lucintity.

RÁÐSTEFNUSTJÓRI:
Þóranna K. Jónsdóttir markaðs-og kynningarstjóri Samtaka verslunar og þjónustu.

STJÓRNVÍSI

HAUSTRÁÐSTEFNA STJÓRNVÍSI 2020

STJÓRNVÍSI

HAUSTRÁÐSTEFNA STJÓRNVÍSI 2020

RÁÐSTEFNUR OG MÁLSTOFUR STJÓRNVÍSI
Íslenska ánægjuvogin 2020

Fulltrúar þeirra fyrirtækja sem skoruðu hæst í sínum flokki. Öllum þeim sem skoruðu hæst í sínum flokki var veittur blómvöndur og viðurkenningarskjöldur var veittur þeim fyrirtækjum sem voru marktækt hæst í sínum flokki.

GÓÐUR ÁRANGUR FYRIRTÆKJA Í ÁNÆGJUVOGINNI ÞRÁTT FYRIR COVID ÁSTANDIÐ

Þann 29. Janúar 2021 voru niðurstöður Íslensku ánægjuvogarinnar 2020 kynntar og er þetta tuttugasta og annað árið sem ánægja íslenskra fyrirtækja er mæld með þessum hætti. Íslenska ánægjuvogin er í eigu Stjórnvísi og sáu Zenter rannsóknir um framkvæmd rannsóknarinnar.

AÐ VINNA ÁNÆGJUVOGINA ER EFTIRSÓKNAVERT FYRIR FYRIRTÆKI

Mikill heiður er að vera hæstur á sínum markaði í Íslensku ánægjuvoginni. Íslenska ánægjuvogin er mælikvarði á ánægju viðskiptavina sem er mæld reglulega yfir árið og gagnast fyrirtækjum sem mælikvarði á þeirra frammistöðu á milli ára og í samanburði við helstu samkeppnisaðila. Þau fyrirtæki sem vinna sinn flokk fá að nota merki Íslensku ánægjuvogarinnar á sínu markaðsefni sem og njóta heiðursins.

37 FYRIRTÆKI Í 13 ATVINNUGREINUM VORU MÆLD

Að þessu sinni eru niðurstöður birtar fyrir 37 fyrirtæki í 13 atvinnugreinum og byggja niðurstöður á um 200-1.000 svörum viðskiptavina hvers fyrirtækis.

SEX FYRIRTÆKI MARKTÆKT HÆST Á SÍNUM MARKAÐI

Líkt og undanfarin sex ár er viðurkenningarskjal veitt þeim fyrirtækjum sem eru með tölfræðilega marktækt hæstu einkunnina í viðkomandi atvinnugrein, þ.e. þar sem segja má með 95% vissu að viðskiptavinir fyrirtækisins með hæstu einkunnina séu að jafnaði ánægðari en viðskiptavinir fyrirtækisins með næsthæstu einkunnina.

Á eldsneytismarkaði fékk eldsneytissala Costco 85,8 stig af 100 mögulegum, Nova fékk 78,5 á farsímamarkaði, Krónan var hæst allra á matvörumarkaði með 74,2 stig, BYKO fékk 68,2 á byggingavörumarkaði, Sjóvá fékk 72,6 stig á tryggingamarkaði og var IKEA hæst allra fyrirtækja á smásölumarkaði með 78,0 stig.
Costco eldsneyti var síðan með marktækt hæstu einkunn allra fyrirtækja sem mæld voru í Ánægjuvoginni þetta árið og eru viðskiptavinir eldsneytissölu Costco þar af leiðandi þeir ánægðustu á Íslandi.

Efstu fyrirtækin á mörkuðum þar sem ekki var marktækur munur á efsta og næstefsta sæti fengu einnig viðurkenningu fyrir góðan árangur; hjá raforkusölum var Orka náttúrunnar hæst með 67,2 stig, Landsbankinn var með 66,3 stig á bankamarkaði, Penninn Eymundsson var með 73,2 stig á ritfangamarkaði, Apótekarinn var með 74,4 stig á lyfsölumarkaði, Heimilistæki með 74,2 stig hjá raftækjaverslunum og Smáralind með 71,6 hjá verslunarmiðstöðum.

ÁNÆGJUVOGIN SAMANSTENDUR AF ÞREMUR SPURNINGUM:

1. Á heildina litið, hversu ánægður(ur) eða óánægð(ur) ert þú með reynslu þína af [fyrirtæki]?
2. Hugleiddu allar væntingar þínar til [fyrirtækis] annars vegar og reynslu þína af fyrirtækinu hins vegar. Að hve miklu leyti uppfyllir [fyrirtæki] væntingar þínar?
3. Núna biðjum við þig um að ímynda þér hið fullkomna [fyrirtæki á viðkomandi markaði]. Hversu nálægt slíku fyrirtæki er [fyrirtæki]?

   Ánægjuvogareinkunnin tekur gildi á kvarðanum 0-100, þar sem hærri einkunn gefur til kynna meiri ánægju. Athygli er vakin á siða- og viðmiðunarreglum um notkun á merki Íslensku ánægjuvogarinnar sem finna má á **http://stjornvisi.is/anaegjuvogin** ásamt öðrum upplýsingum um Íslensku ánægjuvogina.

Trausti Haraldsson, framkvæmdastjóri Zenter kynnti niðurstöður einstakra fyrirtækja og markaða Íslensku ánægjuvogarinnar 2020. Gunnhildur Arnardóttir stjórnarformaður Íslensku ánægjuvogarinnar og framkvæmdastjóri Stjórnvísi veitti viðurkenningar þeim fyrirtækjum sem skoruðu hæst í rannsókn Íslensku ánægjuvogarinnar 2020.

FUNDARSTJÓRI:

Gunnhildur Arnardóttir stjórnarformaður Íslensku ánægjuvogarinnar og framkvæmdastjóri Stjórnvísi.

STJÓRNVÍSI

ÍSLENSKA ÁNÆGJUVOGIN 2020

STJÓRNVÍSI

ÍSLENSKA ÁNÆGJUVOGIN 2020

RÁÐSTEFNUR OG MÁLSTOFUR STJÓRNVÍSI

Stjórnunarverðlaun Stjórnvísi 2021

Verðlaunahafar, forseti Íslands Hr. Guðni Th. Jóhannesson, Borghildur Einarsdóttir formaður dómnefndar og forstjóri Hugverkastofunnar og Davíð Lúðvíksson heiðursfélagi Stjórnvísi 2021.

STJÓRNUNARVERÐLAUN STJÓRNVÍSI 2021

Stjórnunarverðlaun Stjórnvísi voru veitt við hátíðlega athöfn í tólfta sinn mánudaginn 26. apríl á Grand hótel að viðstöddum forseta Íslands.

HÁTÍÐARSTJÓRI:

Kristinn Tryggvi Gunnarsson, breytingastjóri hjá HMS.

HANDHAFAR STJÓRNUNARVERÐLAUNA STJÓRNVÍSI ÁRIÐ 2020 ERU:

Sigríður Björk Guðjónsdóttir ríkislögreglustjóri í flokki yfirstjórnenda,
Auður Daníelsdóttir framkvæmdastjóri sölu-og ráðgjafasviðs Sjóvár
Sigríður Harðardóttir, mannauðsstjóri Strætó í flokki millistjórnenda.

Dómnefnd veitti einnig þremur frumkvöðlum sem vakið hafa verðskuldaða eftirtekt fyrir störf sín á heilbrigðissviði undanfarin misseri viðurkenninguna Frumkvöðlar ársins 2021, Tryggvi Þorgeirsson stofnandi og forstjóri SideKick Health, Guðmundur Fertram Sigurjónsson stofnandi og forstjóri Kerecis og Gísli Herjólfsson stofnandi og forstjóri Controlant.
Sérstök heiðursverðlaun voru veitt Guðmundi Þorbjörnsson framkvæmdastjóri Eflu fyrir framlag sitt til stjórnunar á Íslandi. Einnig var útnefndur og verðlaunaður heiðursfélagi Stjórnvísi 2021, Davíð Lúðvíksson sérfræðingur á rannsóknar-og nýsköpunarsviði Rannís.

Borghildur Erlingsdóttir, formaður dómnefndar og forstjóri Hugverkastofunnar kynnti niðurstöður dómnefndar. Forseti Íslands, Guðni Th. Jóhannesson, afhenti verðlaunin og flutti ávarp. Fjölmenni fylgdist með útsendingunni.

DÓMNEFND 2019 SKIPUÐU EFTIRTALDIR:

Borghildur Erlingsdóttir, formaður dómnefndar og forstjóri Hugverkastofunnar.
Friðrik Þór Snorrason, forstjóri Viss ehf.
Gylfi Dalmann Aðalsteinsson, dósent við viðskiptafræðideild Háskóla Íslands.
Katrín S. Óladóttir, framkvæmdastjóri Hagvangs.
Margrét Guðmundsdóttir, stjórnarformaður Festi hf. og fyrrverandi forstjóri Icepharma hf.
Salóme Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri Icelandic Startups.
Þröstur Olaf Sigurjónsson, dósent við viðskiptafræðideild Háskóla Íslands.
Ritari dómnefndar var Gunnhildur Arnardóttir framkvæmdastjóri Stjórnvísi.

VIÐMIÐ SEM DÓMNEFND LAGÐI TIL GRUNDVALLAR TILNEFNINGA TIL STJÓRNUNARVERÐLAUNANNA 2021 VORU EFTIRFARANDI:

I. ÁRANGURSSTJÓRNUN Í STARFI SÍNU STUÐLAR STJÓRNANDINN AÐ:

1. Framgangi stefnu fyrirtækisins / stofnunarinnar.
2. Að lykilárangursþáttum sé náð.
3. Öflugu kjarnastarfi.
4. Markvissri upplýsingagjöf.

II. NÝSKÖPUN OG ÞRÓUN Í STARFI SÍNU STUÐLAR STJÓRNANDINN AÐ:

1. Frumleika.
2. Nýjum hugmyndum.
3. Nýjum aðferðum og bættu vinnulagi.

III. FORYSTA - STJÓRNANDINN ER:

1. Óskoraður leiðtogi.
2. Stuðlar að frelsi til athafna.
3. Nýtur virðingar út fyrir eigin fyrirtæki / stofnun.

IV. REKSTRARUMHVERFI - STJÓRNANDINN:

1. Stuðlar að samkeppnisforskoti með skarpri framtíðarsýn og þekkingu á þörfum viðskiptavina
2. Hefur góðan skilning á atvinnugreininni ásamt samkeppnisaðilum og tengslum þessara aðila innbyrðis og við samfélagið

STJÓRNVÍSI

STJÓRNUNARVERÐLAUN STJÓRNVÍSI 2021

STJÓRNVÍSI

STJÓRNUNARVERÐLAUN STJÓRNVÍSI 2021

RÁÐSTEFNUR OG MÁLSTOFUR STJÓRNVÍSI
Samfélagsskýrsla ársins 2020

Samfélagsskýrsla ISAVIA var útnefnd besta skýrsla ársins 2019.

SAMFÉLAGSSKÝRSLA ÁRSINS 2020

Festa, Stjórnvísi og Viðskiptaráð Íslands veita árlega viðurkenningu fyrir samfélagsskýrslu ársins. Viðurkenningin var veitt á Nauthól þann 9.júní 2020. Í ár hlutu 19 skýrslur tilnefningu en í heildina bárust 30 tilnefningar. Þetta var í þriðja sinn sem viðurkenningin var veitt. Formaður dómnefndar greindi frá vali ársins. Í rökstuðningi dómnefndar kom fram að Krónan lítur á sig sem mikilvægan þátttakanda í samfélaginu og gerir sér grein fyrir því að í krafti stærðar sinnar geti fyrirtækið haft áhrif til góðs. Í því samhengi hefur umhverfisvernd, lýðheilsa og upplýst val verið skilgreind sem mikilvægustu málefnin.

Magnús Harðarson forstjóri Kauphallarinnar flutti erindi þar sem meðal annars kom fram að aukin áhersla á útgáfu samfélagsskýrslna eru svar við auknum kröfum fjárfesta og stjórnvalda, fundarstjóri var Hrund Gunnsteinsdóttir framkvæmdastjóri Festu.

Viðurkenningu fyrir samfélagsskýrslu ársins hlýtur fyrirtæki eða stofnun sem birtir upplýsingar um samfélagsábyrgð sína með markvissum, vönduðum og nútímalegum hætti í skýrslum sem geta verið í formi vefsíðna, rafrænna skjala eða með annarri framsetningu sem hentar þeim sem áhuga hafa, s.s. fjárfestum, viðskiptavinum, samstarfsaðilum, yfirvöldum og/eða almenningi.
Með viðurkenningunni vilja Festa, Stjórnvísi og Viðskiptaráð hvetja fyrirtæki til að setja sér mælanleg markmið og birta opinberlega og reglulega með vönduðum hætti upplýsingar um hvernig samfélagsábyrgð og sjálfbærni í rekstri fyrirtækja kemur þeim og samfélaginu að gagni.

FYRIRLESARARI:
Magnús Harðarson forstjóri Kauphallarinnar flutti erindi um tilgang samfélagsskýrslna.

FUNDARSTJÓRI: Agla Eir Vilhjálmsdóttir lögfræðingur Viðskiptaráðs Íslands.

DÓMNEFND ÁRIÐ 2020:
Jóhanna Harpa Árnadóttir verkefnastjóri samfélagsábyrgðar hjá Landsvirkjun

FORMAÐUR DÓMNEFNDAR
Tómas Möller yfirlögfræðingur Lífeyrissjóðs Verslunarmanna
Hulda Steingrímsdóttir umhverfisstjóri Landsspítala

RÁÐSTEFNUR OG MÁLSTOFUR STJÓRNVÍSI

Fyrirmyndarfyrirtæki í góðum stjórnarháttum 2020

Fulltrúar þeirra 17 fyrirtækja sem hlutu viðurkenningu fyrir góða stjórnarhætti 2020.

FYRIRMYNDARFYRIRTÆKI Í GÓÐUM STJÓRNARHÁTTUM 2020

Fulltrúar þeirra 17 fyrirtækja sem hlutu viðurkenningu fyrir góða stjórnarhætti 2020.
Þann 21. ágúst 2020, veittu Stjórnvísi, Viðskiptaráð Íslands, Samtök atvinnulífsins og Nasdaq Iceland stjórnum 17 fyrirtækja viðurkenningu fyrir góða stjórnarhætti og var þeim jafnframt veitt nafnbótin „Fyrirmyndarfyrirtæki í góðum stjórnarháttum".

Verkefnið Fyrirmyndarfyrirtæki í stjórnarháttum var sett á legg fyrir tæpum áratug síðan. Með tilkomu þess var ætlunin að bæta stjórnarhætti fyrirtækja á Íslandi og auka eftirfylgni stjórna þeirra við leiðbeiningar um góða stjórnarhætti sem gefnar eru út af Viðskiptaráði Íslands, Samtökum atvinnulífsins og Nasdaq á Íslandi.

Í verkefninu felst að öllum fyrirtækjum gefst tækifæri til að undirgangast formlegt mat á starfsháttum stjórnar og stjórnenda sinna. Einnig er könnuð fylgni við leiðbeiningarnar, almennar reglur og lög sem gilda um starf stjórna.

Í ársbyrjun 2020 tók Stjórnvísi verkefnið og framkvæmd þess að sér, en fram að því hafði Rannsóknarmiðstöð um stjórnarhætti hjá Háskóla Íslands sinnt því allt frá tilkomu þess u.þ.b. áratug áður.

Fyrirtækin sem hlutu þessa eftirsóttu nafnbót eru: Arion banki hf., Eik fasteignafélag hf., Íslandsbanki hf., Íslandssjóðir hf., Kvika hf., Landsbankinn hf., Lánasjóður sveitarfélaga ohf., Mannvit hf., Reginn hf., Reiknistofa bankanna hf., Reitir hf., Stefnir hf., Sýn hf., Tryggingamiðstöðin hf., Vátryggingafélag Íslands hf., Vörður hf. og Ölgerðin Egill Skallagríms hf.

Öll eru þessi fyrirtæki vel að nafnbótinni komin, starfshættir stjórna þeirra eru vel skipulagðir og þeir ásamt framkvæmd stjórnarstarfanna til fyrirmyndar.

YFIRLIT YFIR VIÐBURÐI FAGHÓPA
á starfsárinu 2020-2021

FAGHÓPUR UM EXCEL
(167 félagar)

STJÓRN FAGHÓPSINS

Guðlaug Erna Karlsdóttir	Háskóli Íslands, formaður.
Andri Þór Skúlason	KPMG ehf.
Anika Rós Pálsdóttir	Landspítali.
Auður Bergþórsdóttir	Háskóli Íslands.
Bryndís Björk Ásmundsdóttir	Egilsson ehf – A4.
Daníel Pálsson	Sjóvá.
Gunnar Sigurðsson	Kortaþjónustan hf.
Ingi Sturla Þórisson	Orkuveita Reykjavíkur.
Jóhanna Fríða Dalkvist	ÁTVR.
Óskar Arason	Lýsi.
Pálmi Ólafur Theódórsson	Securitas.
Svava Þorsteinsdóttir	Mennta-og menningarmálaráðuneytið.

1. TÖFLUREIKNAR: SAGA, HLUTVERK, FRAMTÍÐ OG HIÐ FLOTTA FYRIRTÆKI GRID.

Dagsetning: 25.mars 2021.
Fyrirlesari: Hjálmar Gíslason, Grid.

2. EXCEL SPJALL VIÐ ALAN MURRAY – MICROSOFT MVP.

Dagsetning: 21.apríl 2021.
Spjall formanns faghópsins við Alan Murray um nýútkomna bók hans Advanced Excel Success.

FAGHÓPUR UM FRAMTÍÐARFRÆÐI
(287 félagar)

STJÓRN FAGHÓPSINS

Karl Friðriksson	Nýsköpunarmiðstöð Íslands, formaður.
Ásta Kristín Sigurjónsdóttir	Íslenski ferðaklasinn.
Encho Planevov Stoyanov	Kópavogsbær.
Fjóla María Ágústsdóttir	Fjármála-og efnahagsráðuneytið.
Gestur Pétursson	Veitur.
Guðrún Kaldal	Reykjavíkurborg.
Gunnar Haugen	CCP.
Hólmfríður Sigurðardóttir	Orkuveita Reykjavíkur.
Ilmur Dögg Gísladóttir	Listaháskóli Íslands.
Jónína Björk Vilhjálmsdóttir	EFLA verkfræðistofa.
Ollý Björk Sigurðardóttir	Terra.
Sigurður B. Pálsson	BYKO.
Sólveig Lilja Snæbjörnsdóttir	VR.

Stefán Kári Sveinbjörnsson	Landsvirkjun.
Sævar Kristinsson	KPMG.
Védís Sigurðardóttir	Landsbankinn.
Þór G. Þórarinsson	Velferðarráðuneytið.

1. FUTURE – SPACES LIVE2020.

Dagsetning: 3.júní 2020.
Áhugaverður viðburður frá Finnlandi.

2. INVITATION TO AN ONLINE SEMINAR ON COVID-19, AI, AND THE FUTURE OF WORK.

Sameiginlegur fundur faghóps um mannauðsstjórnun, framtíðarfræði og markþjálfun.

Dagsetning: 12.júní 2020.
"COVID-19, Artificial Intelligence, and the Future of Work. A Swedish and Icelandic dialogue".

3. COVID OG HVAÐ SVO? STEFNUÁHERSLUR OG SVIÐSMYNDIR Í KJÖLFAR HEIMSFARALDURS.

Sameiginlegur netráðstefna á vegum framtíðarseturs Íslands, Háskólans á Bifröst og faghópa um framtíðarfræði, samfélagsábyrgð fyrirtækja, heilsueflandi vinnuumhverfi, stafræn fræðsla og leiðtogafærni.

Dagsetning: 18.september 2020.
Netráðstefnu á vegum Framtíðarseturs Íslands og Háskólans á Bifröst.

4. AUKIN ÁHRIF UMHVERFISMÁLA Á ATVINNULÍFIÐ – AÐ LIFA Í NÝJUM VERULEIKA.

Sameiginlegur fundur faghópa um loftslagsmál og framtíðarfræði.

Dagsetning: 16.október 2020.
Fyrirlesari: Helga Jóhanna Bjarnadóttir, Efla.

5. VIÐBURÐUR Á VEGUM LONDON FUTURISTS - AÐ LIFA TÍMA STRAUMHVARFA!

Dagsetning: 22.október 2020.
Living in the age of the jerk. Tchnology Innovation, Pendemics and our Future.

6. NÝJAR ÁSKORANIR FYRIR VERSLUN OG ÞJÓNUSTU - AÐ LIFA Í NÝJUM VERULEIKA.

Dagsetning: 27.október 2020.
Fyrirlesarar: Sigurður B. Pálsson, BYKO.
Sævar Kristinsson, KPMG.

7. SVIÐSMYNDIR UM STARFSUMHVERFI ÍSLENSKRAR FERÐAÞJÓNUSTU

Rafrænn kynnningarfundur á sviðsmyndum á vegum KPMG, Ferðamálastofa og Stjórnstöð ferðamála um starfsumhverfi íslenskrar ferðaþjónustu á komandi misserum.

Dagsetning: 28.október 2020.

8. HLUTVERK OG MARKMIÐ FRAMTÍÐARNEFNDAR VR.

Sameiginlegur fundur faghópa um framtíðarfræði og mannauðsstjórnun.

Dagsetning: 12.nóvember 2020.
Fyrirlesari: Sólveig Lilja Snæbjörnsdóttir, VR.

9. ERUM VIÐ ÓFÆR AÐ TAKAST Á VIÐ ALÞJÓÐLEGAR ÁSKORANIR?

Áhugaverður viðburður á vegum London Futurists.

Dagsetning: 28.nóvember 2020.
Fyrirlesari: Simon Anholt, ráðgjafi.

10. NÝ VIÐMIÐ Í OPINBERRI ÞJÓNUSTU – STRAUMHVÖRF Í STAFRÆNNI ÞJÓNUSTU.

Dagsetning: 3.desember 2020.
Fyrirlesari: Fjóla María Ágústsdóttir, Samband íslenskra sveitarfélaga.

11. UNESCO RÁÐSTEFNA UM FRAMTÍÐARLÆSI.

Ráðstefna á vegum UNESCO um framtíðarlæsi.

Dagsetning: 9.desember 2020.
Fyrirlesari: Sólveig Lilja Snæbjörnsdóttir, VR.

12. ÚRGANGSMÁL OG HRINGRÁSARHAGKERFIÐ.

Sameiginlegur fundur faghópa um framtíðarfræði og loftslagsmál.

Dagsetning: 10.desember 2020.
Fyrirlesarar: Hlöðver Stefán Þorgeirsson, Veitur.
Líf Lárusdóttir, Terra.

13. FRAMTÍÐ VINNU EFTIR COVID.

Áhugavert vefvarp Origo með framtíðarfræðingnum Graeme Codrington.

Dagsetning: 28.janúar 2021.
Fyrirlesari: Sólveig Lilja Snæbjörnsdóttir, VR.

14. FJÁRMYNDUN SAMFÉLAGA OG BORGARLAUN – FRAMTÍÐARRÝNI.

Fundur á vegum London Futurist með Geoff Crocker.

Dagsetning: 13.febrúar 2021.
Fyrirlesari: Geoff Crocker.

15. ER FRAMTÍÐIN SNJÖLL FYRIR ALLA?

Sameiginlegur fundur faghópa um framtíðarfræði, mannauðsstjórnun, góða stjórnarhætti, stafræna fræðslu og leiðtogafærni.

Dagsetning: 19.febrúar 2021.
Fyrirlesari: Diljá Rudolfsdóttir, Veitur.

16. DAGUR FRAMTÍÐARINNAR – ALÞJÓÐLEGT SAMTAL FYRSTA MARS.

Fyrsta mars á hverju ári ræða ólíkir aðilar um framtíðaráskorandir í opnu samtali í 24 tíma alstaðar að í heiminum.

Dagsetning: 1.mars 2021.

17. AÐ HUGLEIÐA FRAMTÍÐIR – MÁLSTOFA.

Opin og veflæg málstofa fyrir kennara og áhugasama um framtíðina.

Dagsetning: 19.mars 2021.
Fyrirlesari: Peter Bishop.

18. HVER ER ÉG? MEÐ FRAMTÍÐARFRÆÐINGNUM TRACEY FOLLOWS.

Dagsetning: 20.mars 2021.
Fyrirlesari: Tracey Follows.

FAGHÓPUR UM GÓÐA STJÓRNARHÆTTI
(584 félagar)

STJÓRN FAGHÓPSINS

Jón Gunnar Borgþórsson J	GB ráðgjöf, formaður.
Guðrún Helga Hamar	Arion banki.
Hildur Einarsdóttir	Össur.
Hrafnhildur S. Mooney	Seðlabankinn.
Huld Magnúsdóttir	Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins.
Sigurjón Geirsson	Kontra ráðgjöf.
Sæunn B. Þorkelsdóttir	Kerecis.
Þórhildur Ósk Halldórsdóttir	Reykjavíkurborg.

1. SETUR STJÓRNIN TÓNINN UM SJÁLFBÆRNI?
Sameiginlegur fundur faghópa um góða stjórnarhætti og samfélagsábyrgð fyrirtækja.

Dagsetning: 20.maí 2020.
Fyrirlesarar: Ketill Berg Magnússon, Marel.
Magnús Harðarson, Kauphöllin.
Hrefna Ösp Sigfinnsdóttir, Landsbankinn.

2. SAMTAL UM LEIÐTOGAFÆRNI Í NÚTÍÐ OG FRAMTÍÐ.
Sameiginlegur fundur faghópa um góða stjórnarhætti og leiðtogafærni.

Dagsetning: 18.september 2020.
Fyrirlesarar: Haukur Ingi Jónasson, Háskólinn í Reykjavík.
Sigrún Gunnarsdóttir, Háskólinn á Bifröst.

3. ÁBYRGIR STJÓRNARHÆTTIR - NÝJAR KRÖFUR.
Sameiginlegur fundur faghópa um góða stjórnarhætti og samfélagsábyrgð fyrirtækja.

Dagsetning: 23.október 2020.
Fyrirlesarar: Sigurður Ólafsson, stjórnarmaður.
Jeffrey Sussman, Kontra Nordic.
Snædís Ögn Flosadóttir, EFÍA, LSBÍ.

4. UM VAL Í OG HLUTVERK STJÓRNA NÝSKÖPUNARFYRIRTÆKJA.

Dagsetning: 26.nóvember 2020.
Fyrirlesarar: Gréta María Grétarsdóttir, Matvælasjóður.
Guðmundur Fertram Sigurjónsson, Kerecis.
Guðbjörg Edda Eggertsdóttir, fjárfestir og stjórnarmaður.

5. LEIÐBEININGAR UM GÓÐA STJÓRNARHÆTTI – NÝ ÚTGÁFA.

Sameiginlegur fundur faghópa um góða stjórnarhætti og samfélagsábyrgð fyrirtækja.

Dagsetning: 9.febrúar 2021.
Fyrirlesarar: Agla Eir Vilhjálmsdóttir, Viðskiptaráð Íslands.
Dr.Eyþór Ívar Jónsson, Academías.

6. ER FRAMTÍÐIN SNJÖLL FYRIR ALLA?

Sameiginlegur fundur faghópa um framtíðarfræði, mannauðsstjórnun, góða stjórnarhætti, stafræna fræðslu og leiðtogafærni.

Dagsetning: 19.febrúar 2021.
Fyrirlesari: Diljá Rudolfsdóttir, Veitur.

7. Á STIMPILKLUKKAN VIÐ Í ÞEKKINGARSTÖRFUM?

Sameiginlegur fundur faghópa um heilsueflandi vinnuumhverfi, mannauðsstjórnun og góða stjórnarhætti.

Dagsetning: 24.mars 2021.
Fyrirlesarar: Ásdís Kristinsdóttir, Gemba.
Ketill Berg Magnússon, Marel.
Sólrún Kristjánsdóttir, Orkuveita Reykjavíkur.

8. VERKASKIPTING HLUTHAFA, STJÓRNAR OG STARFSMANNA.

Dagsetning: 15.apríl 2021.

9. STJÓRNIR SKRÁÐRA FYRIRTÆKJA – FJÖLBREYTTAR OG FAGLEGAR?

Dagsetning: 30.apríl 2021.

FAGHÓPUR UM GÆÐASTJÓRNUN OG ISO STAÐLA
(609 félagar)

STJÓRN FAGHÓPSINS

Maria Hedman	Origo, formaður.
Arngrímur Blöndahl	Staðlaráð Íslands.
Bergþór Guðmundsson	Sorpa.
Birna Dís Eiðsdóttir	Háskóli Íslands.
Elín Björg Ragnarsdóttir	Fiskistofa.
Ingi Eggert Ásbjarnarson	ISAVIA ohf.
Jóna Björg Magnúsdóttir	Seðlabanki Íslands.
Magnús Ívar Guðfinnsson	ANSA.
Rósa Guðmundsdóttir	Strætó bs.
Rut Vilhjálmsdóttir	Strætó bs.

1. ÁBENDINGAR, FRÁBRIGÐI, ATVIK – ÚRBÓTA/UMBÆTUR. UMRÆÐUR, HVENÆR Á AÐ NOTA HVAÐ?

Dagsetning: 21.október 2020.

2. VEGFERÐ OG ÁVINNINGUR MEÐ LEAN SIX SIGMA SVARTA BELTIS VOTTUN.

Sameiginlegur fundur faghópa um gæðastjórnun og ISO staðla, lean straumlínurstjórnun, verkefnastjórnun og stjórnun viðskiptaferla (BPM).

Dagsetning: 30.október 2020.
Fyrirlesari: Magnús Ívar Guðfinnsson, ANSA.

3. ÍST45.001 (Á ÍSLENSKU)

Dagsetning: 12.nóvember 2020.
Fyrirlesari: Bergþór Guðmundsson, Sorpa.

4. FERLAVÆÐING LANDSNETS MEÐ EINFÖLDUN STJÓRNKERFIS Í HUGA.

Sameiginlegur fundur faghópa um gæðastjórnun og ISO staðla og stjórnun viðskiptaferla (BPM).

Dagsetning: 17.nóvember 2020.
Fyrirlesari: Engilráð Ósk Einarsdóttir, Landsnet.

5. INNLEIÐING Á STJÓRNUNARKERFI UPPLÝSINGAÖRYGGIS ISO27001, HVAÐ SVO? ÁSAMT REYNSLUSÖGU FRÁ LANDSNETI.

Sameiginlegur fundur faghópa um gæðastjórnun og ISO staðla og upplýsingaöryggi.

Dagsetning: 8.desember 2020.
Fyrirlesarar: Ólafur Róbert Rafnsson, Staðlaráð Íslands.
Ásmundur Bjarnason, Landsnet.

6. STÖÐUGAR UMBÆTUR, FERLAGREININGAR OG STRAUMLÍNUSTJÓRNUN ÚRELT Á TÍMUM 4. IÐNBYLTINGARINNAR.

Sameiginlegur fundur faghópa um gæðastjórnun og ISO staðla, Lean straumlínustjórnun og stjórnun viðskiptaferla (BPM).

Dagsetning: 12.mars 2021.
